

FRÉTTABRÉF UNGLINGARÁÐS

Október 2011



Starfið hafið

Nú er hafið nýtt æfingatímabil hjá handknattleiksdeild KA. Æfingar hjá elstu flokkunum hófust um miðjan ágúst en hjá þeim yngri í byrjun september og er áhugi iðkenda mikill og góð mæting á æfingum. Flestar æfingar fara fram í KA heimilinu en nokkrar í Íþróttahöllinni og Íþróttahúsi Síðuskóla. Starfið er með hefðbundnu sniði, nema í byrjendaflokknum var gerð sú breyting að flokknum var skipt í tvennt. Nú æfa 1.-2. bekkur sem 8. flokkur og 3.-4. bekkur sem 7. flokkur.

Í kvennaflokkunum erum við í samstarfi við Þór og gengur það samstarf mjög vel. Við fengum úthlutað tímum í Síðuskóla fyrir 5.-8. flokk og teljum við okkur þar vera að koma á mótis við stelpurnar í Þorpinu og vonum að það auðveldi þeim að mæta á æfingar. Að sjálfsgöðu viljum við að stelpurnar úr Þorpinu mæti líka í KA heimilið og þær sem búa sunnan við á mæti á æfingar í Síðuskóla.

Á síðasta keppnistímabili fengum við höfðinglegan styrk frá Samherja og þökkum enn og aftur fyrir það. Styrkurinn var nýttur þannig að á tímabilinu jan-maí greiddum við allar keppnisferðir fyrir iðkendur að fullu. Þar sem yngstu krakkarnir fóru ekki í neinar keppnisferðir fá þeir lækun á æfingagjöldum um 5.000 kr. á komandi tímabili. Með þessu móti teljum við að allir árgangar hafi notið góðs af Samherjastyrknum.

KA handboltadagur verður haldin laugardaginn 15. október og vonumst við til að sjá sem flesta. Þá verður skráning iðkenda/innheimt æfingagjöld og boðið upp á veitingar.

Í ár ætlum við að leggja áherslu á kvennaboltann í KA/Þór. Einvarður Jóhannsson ætlar að hafa skemmtilega æfingu fyrir stelpur í 1.-5. bekk kl. 11:30-12:30 og er ÖLLUM stelpum í bænum á þessum aldri boðið að koma og prófa handbolta. Kl. 12:30 spilar 3. flokkur KA/Þór við FH, kl. 14:00 spila sömu lið í 4. flokki og kl. 16:00 sömu lið í meistaraflokki kvk. Þannig að það er tilvalið að koma í KA heimilið á laugardaginn, prófa handbolta, horfa á leiki og fá sér vöflukaffi.

Helstu upplýsingar um starf vetrarins er að finna á heimasíðu Handknattleiksdeildar.

<http://www.ka-sport.is/handbolti/>

Keppnisferðir

Unglingaráð hefur samið við SBA um akstur í keppnisferðum í vetur eins og undanfarin ár. Samstarfið við þá hefur verið sérlega gott og mikilvægt að hafa öryggi barnanna að leiðarljósi í keppnisferðunum. Vegna tilkomu ferðajöfnunarsjóðs ÍSÍ getum við niðurgreitt hvert sæti um 2.500-kr og því verður fargjaldið 4.000 kr. í vetur. Þau lið sem þurfa að fara aukaferðir næsta vor vegna úrslitakeppni þurfa ekki að greiða fyrir þær keppnisferðir vegna áðurnefnds ferðajöfnunarsjóðs ÍSÍ. 6. flokkur yngra ár fékk mót heima sl. helgi og 5. flokkur yngra ár fær mót heima í vor. Önnur mót sem þjálfarar ákveða að fara á þurfum við að sækja suður og er hægt að sjá tímasetningar á þeim á heimasíðu HSÍ <http://www.hsi.is/Motamal/>

Í sumar fara svo 4. flokkar karla og kvenna á handboltamót í Svíþjóð, Partillemót og er undirbúningur þar að komast á fullt skrið.

Samvinna

Eins og síðustu ár gildir reglan að krakkar sem æfa hjá fleiri en einni deild félagsins fá 10% afslátt af æfingagjöldunum. Einnig telja deildirnar sjálfagt að krakkar æfi fleiri en eina grein og því geti þau sleppt úr æfingum hjá einni deild til að komast á æfingu í annari grein. Þá greiða þau æfingagjald fyrir það hlutfall af æfingum sem þau ætla að stunda og fá afsláttinn. Auðvitað hefur það ekki áhrif á framgang þeirra í greinunum og val í keppnisið þó að ekki sé mætt á allar æfingar viðkomandi deildar vegna þessa. Eins er í gildi regla um 10% systkinaafslátt milli deilda.

Innheimta æfingagjalda

Innheimta æfingagjalda verður með sama sniði og síðastliðin ár og viljum við nota tækifærið til að þakka forráðamönnum iðkenda fyrir góð skil. Við munum hafa sérstaka æfingagjaldadaga þar sem hægt er að ganga frá greiðslu, annaðhvort með peningum eða að skipta greiðslum á greiðslukort. Einnig er hægt að fylla út blað sem sent er til greiðsluþjónustu bankanna. **Ef menn vilja millifæra þá er bankanúmerið 0162-05-63299 kt. 450902-2680 og muna þá að setja kennitölu iðkanda í skýringu. Senda kvittun á sigga@framtal.com**

Athugið að við höfum ekki aðstöðu til að taka við debet kortum og biðjum við því fólk sem ætlar að greiða með peningum að vera búið að taka út áður en komið er í KA-heimilið. Þá viljum við minna á ávísunina frá Akureyrarbæ fyrir yngstu iðkendurnar.

Ef einhverjir sjá sér ekki fært að greiða æfingagjöldin vegna tímabundina erfiðleika, þá viljum við endilega að viðkomandi hafi samband og ræði við okkur, farið verður með allt slíkt sem trúnaðarmál. Það á enginn að þurfa að hætta að æfa vegna þessa.

Eftirtalda daga tókum við á móti æfingagjöldum í KA heimilinu.

Laugardaginn 15. október 10.00 – 13.30
Alla miðvikudaga frá 19/10 - 30/11 17:00-18:00

Æfingagjöld verða sem hér segir: Tímabilið október 2011-maí 2012

8. flokkur árg.2004-2005	kr. 22.000 verður 17.000 niðurgr.v/Samherjastyrks
7. flokkur árg. 2002-2003	kr. 25.000 verður 20.000 niðurgr.v/Samherjastyrks
6 .flokkur árg. 2001	kr. 30.000 verður 25.000 niðurgr.v/Samherjastyrks
6 .flokkur árg. 2000	kr. 30.000
5. flokkur árg. 1998-1999	kr. 35.000
3.-4. flokkur árg.1994-1997	kr. 36.000

Vinsamlega hafið samband við Sigríði gjaldkera í síma 892-2612 eða sigga@framtal.com ef þið komist ekki eða hafið einhverjar spurningar vegna æfingagjalda.

Systkinaafsláttur

Greitt er fullt verð fyrir elsta barn, fyrir það næsta er greitt 60% gjald, 40% greitt fyrir þriðja barn og 20% fyrir fleiri. Allar deildir hafa ákveðið að nota þessa reglu í systkinaafslætti.

Hvað fylgir frágengum æfingagjöldum?

Í ár fá allir iðkendur flotta handboltaboli þegar búið er að gera grein fyrir æfingagjöldunum.

Bestu kveðjur - Unglingaráð Handknattleiksdeildar KA

Unglingaráð	Þjálfarar
Formaður: Sigurður Tryggvason siggi@frost.is	3. fl kk Einvarður Jóhannsson einvarður@akmennt.is
Varaformaður: Sigurður Baldursson austurbyggd@simnet.is	4. fl kk Jóhannes Bjarnason joigb@akmennt.is
Gjaldkeri: Sigríður Jóhannsdóttir sigga@framtal.com	5. fl kk Haddur Stefánsson haddur@internet.is
Ritari: Jón Árelíus Þorvaldsson jonat@brimborg.is	6. fl kk Jóhann Gunnar Jóhannsson broi@vma.is
Meðstjórn: Hannes Pétursson hannes@fjolsmidjan.com	7. fl kk Sævar Árnason saevara@akmennt.is
Meðstjórn Halldór Karlsson halldor@forever.is	8. fl kk Heimir Örn Árnason heimiorn@akmenn.it
	4. fl kvk Halldór Tryggvason halldor@fabtravel.is
	5. fl.kvk Stefán Guðnason stebbigje@simnet.is
	6. fl kvk Inga Dís Sigurðardóttir ingadiss@akmennt.is
	7.-8. fl kvk Einvarður Jóhannsson einvarður@akmennt.is
	Yfirþjálfari Sævar Árnason saevara@akmennt.is